SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 80 17. desember 1930.

1. gr.

70. gr. orðist svo:

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar. Allir gestir sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma. Lögreglustjóri getur heimilað, að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. febrúar 1980.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. janúar 1980.

Vilmundur Gylfason.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 3, nr. 22—101. Útgáfudagur 31. janúar 1980.